

Námsáætlun

Náttúru- og samfélagsfræði

Almennt / Verklag

Nemendur eru í greininni 4 klukkustundir á viku þar sem náttúrufræði og samfélagsfræði er blandað saman. Breytingar geta orðið á áætluninni sem við tilkynnum eins fljótt og auðið er.

Námsefni og námsmat

Námsefni:

- Greinar, glærur, myndbönd og ýmsar kennslubækur
- Viðbótarefni frá kennara
- Verkefni, kannanir, ástundun og lykilhæfni

Lykilhæfni snertir allt almennt nám og allar námsgreinar þar á meðal námsmat í xxx. Þannig geta t.d. vönduð vinnubrögð, góð samvinna í hópastarfi og frumkvæði haft áhrif á námsmat nemenda. Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni skiptast í fimm flokka:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

Yfirferð

Tímabil	Náms- / viðfangsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Ágúst- október	Kynjafræði út frá heimsspekilegum og líffræðilegum vangaveltum	Leiðsagnar mat, ýmis veverkefni	Samfélagsfræði, nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> • Ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar • Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf • Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi • Rökrætt mikilvæg hugtök, sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
Sept	Stjórn mála - 16-24sept	Verkefni	
Nóv-des	Eðlisfræði: Kraftur og hreyfing	Verkefni og próf	Náttúrufræði, nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> • Útskýrt krafta sem verka í daglegu lífi manna
Jan- feb	Sjálfbær þróun <ul style="list-style-type: none"> • Sjálfbær þróun og heimsmarkmiðin • Er fátækt á Íslandi • Sjálfbært hagkerfi • Nýsköpun - ef aðstæður leyfa 	Leiðsagnar mat, ýmis verkefni	Náttúrufræði, nemandi geti: <ul style="list-style-type: none"> • dregið ályktanir af gögnum og gefið ólíkar skýringar með því að nota ólík sjónarhorn • útskýrt hvað einkennir lífsskilyrði manna og hvað felst í því að taka ábyrgð á eigin heilsu • rætt af skilningi eigin lífssýn og ábyrgð innan samfélags og tekið dæmi úr eigin lífi • sýnt fram á getu til að vinna að umbótum í eigin sveitarfélagi eða í frjálsum félagasamtökum

			<ul style="list-style-type: none"> • útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun • greint stöðu mála í eigin umhverfi og aðdraganda þess, í framhaldi skipulagt þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur • tekið þátt í og útskýrt reynslu sína og niðurstöðu af þátttöku í aðgerðum sem varða náttúru og samfélag • tekið rökstudda afstöðu til málefna og komið með tillögur um hvernig megi bregðast við breytingum en um leið tekið mið af því að í framtíðinni er margt óvísst og flókið • unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi, samfélagi og tækni. • rætt á gagnrýninn hátt framleiðslu, flutning og förgun efna <p>Samfélagsfræði, nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum • sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs • sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf • gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og útskýrt fyrir öðru fólki mikilvægi þess • sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum • tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill
Feb	Framsögn og framkoma	Þátttaka og virkni í tímum	<p>Samfélagsfræði, nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • áttað sig á sjálfum sér og öðrum • komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti
Feb - Mars	Leikhús hinna kúguðu	Þátttaka og virkni, ýmis verkefni	<p>Samfélagsfræði, nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum
Mars	Hvers konar manneskja vil ég verða	Þátttaka og virkni, ýmis verkefni	<p>Samfélagsfræði, nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu • hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs síns og annara • sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs
Apríl	Ábyrg neysla og efnishyggja	Leiðsagnar mat, ýmis verkefni	<p>Náttúrufræði, nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun <p>Samfélagsfræði, nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði • sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði • sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga

Maí	Erfðafræði	Ýmis verkefni/ próf	Náttúrufræði, að nemandi geti: <ul style="list-style-type: none">• Unnið með samþætt viðfangsefni með vinnubrögðum náttúrugreina og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta tengdum náttúru, umhverfi samfélagi og tækni.• Skýrt tengsl mannfjöldapróunar við framleiðslu og dreifingu matvæla og þátt líftækninnar í þeim tengslum• útskýrt að erfðir ráðast af genum• útskýrt hugmyndir um arfbundinn breytileika
-----	------------	------------------------	--

Önnur markmið sem verða höfð til hliðsjónar í allan vetur þvert á námsefnið eru: